



Þorskastríðin

Sögulegur og kenningalegur bakgrunnur

Þorskastríðin 14. janúar 2005



Lesefni í hefti

- **Yfirlit**
- Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík, 2002), bls. 283-288, 357-364.
- Guðni Th. Jóhannesson, „Tíu spurningar. Hugleiðingar um þorskastríðin.“ *2. íslenska sögubingið. Ráðstefnurit II* (Reykjavík, 2002), bls. 436-451.
- Valur Gunnarsson, „Iceland vs. the World,“ *Reykjavík Grapevine*, 22. ágúst – 4. sept. 2003, bls. 10-11.
- **Þorskastríðin, vald og máttur**
- Habeeb, William, *Power and Tactics in International Negotiation: How Weak Nations Bargain with Strong Nations* (Baltimore, 1988), bls. 100-128 [auk ritdóma].
- **Þorskastríðin og ákvarðanataka**
- Bjøl, Erling, „The Small State in International Politics“. August Schou og Arne Olav Brundtland (ritstj.), *Small States in International Relations* (Stockholm, 1971), bls. 29-37.
- *H-DIPLO*, tölvupóstur frá Philip Zelikow, 18. júlí 2001 og David Kaiser, 23. júlí 2001.
- „Speech by the Prime Minister, Tony Blair,“ 23. nóv. 2001.

Verkefni og umhugsunarefni



- Íhugið hinar „tíu spurningar“ sem ég nefni í samnefndu erindi (sjá hefti)
- Leitið að síðum um „þorskastríð“, „landhelgismál“, „cod war“ eða annað í þeim dúr á Netinu
- Finnið eina setningu, málsgrein eða staðhæfingu í ævisögum Ísl eða ritum Ísl. embættismanna (t.d. skipherrar varðskipa, Hannes Jónsson eða Davíð Ólafsson) sem ykkur finnst kannski of þjóðernissinnuð eða ósanngjörn
- Finnið eina setningu, málsgrein eða staðhæfingu í skrifum breskra embættismanna (t.d. Andrew Gilchrist eða ýmis ljósrit í hefti) sem ykkur finnst lýsa þröngsýni, eigingirni og íhaldssemi Breta
- Hvers vegna eru þorskastríðin áhugaverð fyrir þá sem rannsaka vald og mátt í alþjóðasamskiptum?
- Hvers vegna eru þorskastríðin áhugaverð fyrir þá sem rannsaka ákvarðanatöku í stjórnkerfum (hafið t.d. í huga skoðanaskipti á *H-DIPLO* í hefti)
- Hvernig geta þorskastríðin tengst kenningum um „hnignun Bretaveldis“ (sjá t.d. ræðu Tony Blairs í hefti)?
- Hvernig geta þorskastríðin tengst umræðum um þjóðernishyggju og söguendurskoðun á Íslandi?

Sögulegur og kenningalegur bakgrunnur I



- Forsagan
- „Tíu spurningar“ um þorskastríðin
 1. Hvað voru þorskastríðin mörg?
 2. Er orðið þorskastríð heppilegt hugtak?
 3. Á hvaða heimildum þarf að byggja?
 4. Hverjir eiga að skrifa söguna?
 5. Voru þorskastríðin óhjákvæmileg?

Sögulegur og kenningalegur bakgrunnur II



- „Tíu spurningar“ frh.
 6. Var rétturinn alltaf Íslands megin?
 7. Var þjóðareining í þorskastríðunum?
 8. Hvað réð úrslitum um lyktir þeirra?
 - Vald
 9. Hvað réð ákvörðunum ráðamanna?
 - Ákvarðanataka
 10. Er þorskastríðunum lokið?

Forsagan: Frá kóngsins straumum til hins frjálsa úthafs I



- „Kóngsins straumar“ frá 1273 og *Mare Clausum*
- „Þorskastríð“ Björns Þorsteinssonar á 14.-16. öld
- Sérstök lögsaga umhverfis Ísland 1631: „... að þér með opinberri tilskipun og aðvörun alvarlega brýnið fyrir þegnum yðar, að þeir stundi veiðar sínar í a.m.k. sex mílna fjarlægð frá ströndinni.“

„Þorskastríð“ fyrr á öldum



Davíð Ólafsson, *Saga landhelgismálsins*, bls. 9

Forsagan: Frá kóngsins straumum til hins frjálsa úthafs II



- Tilkall til 16-24 mílna á 17.-18. öld
- „Engir útlendingar mega dirfast að stunda duggaraskap eða fiskveiðar við landið” (tilskipun frá 1787)
- Hugo Grotius, *Mare Liberum*
- Þriggja mílna „fallbyssulandhelgi” og *Pax Britannica*

Pax Britannica á 19. öld




Niall Ferguson, *Empire*, bls. 245

Þorskastríðin 14. janúar 2005

Upphaf togveiða á Íslandsmiðum




- 1889-1891: Breskir togarar koma á Íslandsmið
- Alþingi má sín lítils; flotaheimsóknin 1896
- 1899: „Stóra drápið“ á Dýrafirði



<http://www.heimastjorn.is/fyrstiradherrann/landhelgin/>

Landhelgissamningurinn 1901 („flesksamningurinn“)



Jón Þ. Þór, *Landhelgi Íslands, 1901-1952*, bls. 11

Þorskastríðin 14. janúar 2005

Kyrrstaða fram yfir seinna stríð



- „Það mun nú vera svo komið að botnvörpungarnir séu búnir að finna hvert einasta fiskigrunn sem til er í hafinu kringum Ísland, hvern einasta blett sem fiskurinn staðnæmist nokkuð á, hvern einasta hrygningarstað.“
Pétur Ottesen á Alþingi, 1926

Kyrrstaða fram yfir seinna stríð



- „...um landhelgi hvers lands gilda alþjóða-reglur og er því ekki hægt að gera öruggar breytingar á þeim nema samþykki annarra þjóða komi til, og þá fyrst og fremst Bretlands.“
Ólafur Thors á Alþingi, 1936

Tíu spurningar



Þorskastríðin 14. janúar 2005



Hvað voru þorskastríðin mörg?

- Voru fyrri átök „þorskastríð“?
- Var löndunarbannið 1952-56 „þorskastríð“?
- Orðið fyrst notað 1958
- Skiptir þetta máli?

Er orðið „þorskastríð“ heppilegt hugtak?



- „... átök sem þessi kall[a]st vart „stríð“, a.m.k. ekki meðal meiri styrjaldarþjóða en Íslendingar eru...”

Albert Jónsson, „Tíunda þorskastríðið,“ bls. 9

- „Þessi átök fengu bráðlega nafnið *þorskastríð*. Þau voru þó miklu kurteislegri en stríð eru oftast.”

Gunnar Karlsson, *Sjálfstæði Íslendinga III*, bls. 125



Er orðið „Þorskastríð“ heppilegt hugtak?



- Sigurður Ólafsson, „Þorskastríðin voru ekki stríð,“ *Sellan.is*

<http://www.sellan.is/index.php?option=content&task=view&id=1085&Itemid=30>

- *Democratic peace theory*
- Skiptir orðanotkunin máli?
- Ef ekki, hvað voru stríðin þá?

Segir hver! Hvaða heimildir?



- Frumheimildir
- Fjölmiðlar
- Fyrri rannsóknir
- Endurminningar
- Viðtöl



Hvað þykist þú vita! Hverjir eiga að segja sögu þorskastríðanna?



- „Efniviðurinn er ekki árennilegur fyrir þá sem koma að honum með litla reynslu aðra en felst í fræðilegri þjálfun.“

Björn Bjarnason, „Forsendur sigra í landhelgismálinu,“ *Morgunblaðið*, 3. des. 1999

- „Sagan er mikilvæg, svo mikilvæg að sagnfræðingarnir, þótt góðir séu, mega ekki vera einir um hituna.“

Davíð Oddsson, „Hvað er stjórn málasaga?“

<http://www.hi.is/~mattsam/Kistan/k00/davidodds.htm>, skoðað 8. nóvember 2000





Þorskastríð og andspyrna

- „Jafn lærður og hann er ætti hann að beina sínum kalda hug að einhverju öðru. Hann var að minnsta kosti ekki með þessar myrku nætur, sá ekki járnbrautarlestir sem hvergi komust eða stritið sem þurfti til að bæta skaðann. Svo maður tali nú ekki um sorgina vegna þeirra félaga sem féllu.”
Félagi í dönsku andspyrnuhreyfingunni um rannsóknir Aage Trommers á skemmdarverkum á stríðsárunum. Sjá: John T. Lauridsen, *Samarbejde og modstand. Danmark under den tyske besættelse 1940-45*, bls. 23



Þorskastríð og stjórnarmyndun

- „Lúðvík Jósepsson sem formaður Alþýðubandalagsins gat ekki notið trausts mikils meirihluta þjóðarinnar til þess að mynda ríkisstjórn á Íslandi á þeim tíma, sem hann fékk umboð til þess. ... Það getur verið erfitt fyrir unga sagnfræðinga nútímans að setja sig inn í andrúm kalda stríðsins. Það verða þeir þó að gera til þess að geta lagt hlutlægt mat á mál eins og þetta.”

Morgunblaðið, 13. júní 2004 (forystugrein)

Enginn má sköpum renna. Voru þorskastríðin óhjákvæmileg?



- „If the share of foreign nations in the fisheries had not been reduced, everything else being equal, Iceland's GDP in 1990 would have been 15 to 20 per cent less than was actually the case.”

Ragnar Árnason, „Icelandic Fisheries and Fisheries Management. Adaptation to a limited resource base.” Ragnar Árnason og Lawrence Felt (ritstj.), *The North Atlantic Fisheries. Successes, Failures, and Challenges* (Charlottetown, Prince Edward Island: The Institute of Island Studies, 1995), bls. 237-266. An Island Living Series, III

Enginn má sköpum renna. Voru þorskastríðin óhjákvæmileg?



- „If we hadn't lost the cod war, it is highly unlikely that Iceland would have the fish stocks that it does today.”

Andrew Moore, North East Lincolnshire council. Sjá: Charlotte Moore, „Grimsby fishing industry still nets healthy profit,” *Guardian*, <http://www.guardian.co.uk/food/Story/0,2763,1322616,00.html>

- „Enginn ber sér í munn nú, hvað þá seinna, að eitthvert skrefið í útfærslu fiskveiðilögsögunnar hafi verið of stórt ellegar stigið of snemma.”

Vilhjálmur Hjálmarsson, *Eysteinn í stormi og stillu*, bls. 65

„Rétt eða rangt, mitt land.“ Var rétturinn alltaf Íslands megin?



- Lögfræðileg sjónarmið
- Siðferðisleg rök

„Aðgerðir íslenskra stjórnarvalda í þessu máli eru sjálfsvörn smáþjóðar sem á líf sitt og frelsi að verja.“

„Ræða atvinnumálaráðherra Ólafs Thors,“ *Ægir*, 45:3, 1952, bls. 50

„Rétt eða rangt, mitt land.“ Var rétturinn alltaf Íslands megin?



- „Mér þótti það nokkur hræsni að þjóð, sem var langt frá því að vera fátæk, var reyndar mun betur stæð en Bretar, beitti slíkum rökum [um fátækt og smæð] og benti ég óspart á það.“

Andrew Gilchrist, Þorskastríð og hvernig á að tapa þeim, bls. 165



„Rétt eða rangt, mitt land.“ Var rétturinn alltaf Íslands megin?



- „The Cod Wars ... are the story of a country that broke every agreement it ever made regarding territory of a consistency that would have made Hitler proud. It is also the story of the mass unemployment that resulted in the former fishing towns of Grimsby and Hull, when their livelihood was cut off, towns where many people to this day still curse the „scrobs“, as Icelanders are known.”

Valur Gunnarsson, „Iceland vs. the World,” *Reykjavík Grapevine*, 22. ágúst – 4. sept. 2003, bls. 10

„Allir sem einn“. Var þjóðar- eining í þorskastríðunum?



- „Íslendingar sýndu festu og samstöðu í harðri baráttu við aðrar þjóðir við útfærslu fiskveiðilögsögunnar.“

Jónas Haraldsson, „Gæsla á Íslandsmiðum“, *DV*, 14. júlí 2002 (forystugrein).


- „Afstaða manna í landhelgis-
málinu varð að mælikvarða á
þjóðhollustu og þegnskap.
Táknrænu gildi landhelginnar
var beitt í pólitískum tilgangi og
stjórnámálamenn sökuðu hver
annan um linkind og
framtaksleysi í málinu.“

Jónas G. Allansson, „Orðræðan um
landhelgi Íslands“, BA-ritgerð í
mannfræði við HÍ, 1995.

• Þorskastríðin 14. janúar 2005



„Vald hinna veiku“. Hvað réð úrslitum í þorskastríðunum?



Teikning Bidstrups. Sjá: Gunnar M. Magnúss, *Landhelgisbókin*

Þorskastríðin 14. janúar 2005

Þorskastríðin, Davíð og Golíat



Þorskastríðin 14. janúar 2005



Vald hinna sterku

- Stjórn málafræðingar: Vald er möguleiki A til að fá B til að gera það sem B ella hefði ekki gert
- Þúkídídes: Sá sterkari hlýtur að ráða en sá veikari að lúta
- Machiavelli: Smáríki skulu varast að gera bandalag við öflugri ríki
- Bismarck: *Realpolitik*, utanríkisstefna sem byggist á þjóðarhagsmunum og mati á mætti
- Hans J. Morgenthau: Átök milli ríkja eru óumflýjanleg, hernaðarmáttur skiptir þá meginmáli og valdhafar ættu alltaf að hugsa fyrst og fremst um hag eigin ríkis



Vald hinna veiku

- Bismarck: Harðræði hins veika
- Morgenthau: „Hins vegar er hugsanlegt að veikburða ríki búi yfir kostum sem mun sterkara bandalagsríki telur sig ekki geta verið án. Þetta getur gefið smáríkinu völd innan bandalags sem eru ekki í nokkru samræmi við stærð þess.“ (1959)
- Hugsjónastefna gegn raunsæisstefnu (ídealismi, líberalismi)
 - Almenningsálit
 - Alþjóðalög
 - Samþætting valds (interdependence)

Sjá líka:


<http://www.kistan.is/efni.asp?n=2914&f=3&u=28>



Vald hinna veiku í þorskastríðunum

- „Whatever Iceland’s strategic value to the Alliance, it would be a grave mistake to give way before such blatant blackmail on the part of small countries.”
Paul-Henri Spaak, september 1958
- „They didn’t really blackmail NATO, but it came awful close to it.”
Charles S. Minter, Jr, bandarískur aðmírall, í hernaðarnefnd NATO 1973
- „Ég sat þarna furðu lostinn. Hér höfðum við 200 þúsund manna þjóð sem hótaði að fara í stríð við 50 milljón manna stórveldi, út af þorski.... Mér varð hugsað til þeirra orða Bismarcks, að vald hinna veiku ykist við óskammfeilni þeirra.”
Henry Kissinger, *Years of Upheaval*, bls. 172

Ákvarðanataka í stjórnskerfum



Ákvarðanataka í stjórnerfnum



- Hvers vegna er ein ákvörðun tekin, en ekki önnur?
- Hvernig fer ákvarðanatakan fram, hver er atburðarásin?
- Hverjir hafa áhrif á ákvarðanatöku?



Hver gegn hverjum?

- Ísland gegn Bretlandi
 - Íslendingar gegn Íslendingum; Bretar gegn Bretum
 - Hið opinbera gegn hagsmunahópum
 - Embættismenn gegn ráðherrum
 - » Deilur innan hins opinbera; ráðuneyti gegn ráðuneyti
 - » Deilur innan stjórnmálaflokka

Íslandi allt? For Queen and Country?



- Þjóðarhagur
 - Flokkspólitík

- Þjóðarhagur
 - Hagsmunabarátta togaraeigenda

Sjálfstæðisbarátta til sjávar. Er þorskastríðunum lokið?



- Nei, Ísland verður að halda vöku sinni
 - ESB: „Yfirráð yfir fiskimiðunum í kringum landið geta aldrei orðið söluvara. Þá hefði verið til lítils barist og þjóðinni verið best að sitja heima 17. júní 1944.“

Davíð Oddsson, „Við áramót,“ *Morgunblaðið*, 3. jan. 1995.

Sjálfstæðisbarátta til sjávar. Er þorskastríðunum lokið?



- Frekari útfærslur?
 - „Náist ekki samningar ber okkur að sjálfsögðu að halda áfram veiðum eftir því sem kostur er og sækja rétt okkar með öllum tiltækum ráðum, hvort heldur sem er fyrir dómstólum eða með öðrum hætti.”

Steingrímur J. Sigfússon, „Ný útfærsla landhelginnar,” í *Róið á ný mið. Sóknarfæri íslensks sjávarútvegs*, bls. 49

Sjálfstæðisbaráttu til sjávar. Er þorskastríðunum lokið?



- „Önnur leið til að nálgast spurninguna um lok þorskastríðanna liggur hins vegar í viðmóti Íslendinga til átakanna, aldarfjórðungi eftir endalok þeirra. Hefur það langur tími liðið frá lokum þorskastríðanna að Íslendingar geti vegið þau og metið á sama hátt og menn hafa til dæmis verið að endurskoða sjálfstæðisbaráttuna?“
„Tíu spurningar,“ bls. 451

